

DRÖG AÐ REGLUGERÐ

um framkvæmd 20. gr. a. - 20. gr. i. raforkulaga nr. 65/2003, þ.m.t. um bann við markaðsmisnotkun og innherjasvikum, upplýsingar sem teljast til innherjaupplýsinga og birtingu þeirra, upplýsingaskyldu um viðskipti, eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um framkvæmd 20. gr. a. – 20. gr. i. raforkulaga nr. 65/2003. Reglugerðin tekur til þeirra aðila sem falla undir ákvæðin, þar á meðal markaðsaðila, rekstraraðila viðskiptavettvanga raforku, milligönguaðila í raforkuviðskiptum og annarra aðila eftir því sem leiðir af raforkulögum.

Reglugerðin mælir nánar fyrir um opinbera birtingu innherjaupplýsinga, frestun birtingar, viðurkennda markaðsframkvæmd, gagnaskil til Raforkueftirlitsins, fyrirbyggingu og greiningu markaðssvika og tilkynningar um grunsamleg viðskipti.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking hugtaka er sem hér segir:

1. *Aðili*: Einstaklingur eða lögaðili
2. *Haghafti*: Aðili eða hópur aðila sem kann að hafa ávinning af því að viðurkenndri markaðsframkvæmd sé beitt, annað hvort með því að stunda hana beint eða fela öðrum aðila að gera það.
3. *Heildsöluorkuafurð*: Eftirtaldir samningar og afleiður óháð því hvar og hvernig viðskiptin fara fram:
 - a) samningar um afhendingu á raforku,
 - b) afleiður sem tengjast raforku sem er framleidd, höfð eru viðskipti með eða er afhent,
 - c) samningar um flutning og dreifingu raforku,
 - d) afleiður sem varða flutning og dreifingu raforku,
 - e) samningar um geymslu raforku,
 - f) afleiður sem varða geymslu raforku,
 - g) Samningar um afhendingu, flutning og dreifingu raforku til annarra notenda en stórnotenda teljast ekki heildsöluorkuafurðir.
4. *Heildsöluorkumarkaður*: Markaður þar sem höfð eru viðskipti með heildsöluorkuafurðir óháð því hvar og hvernig viðskiptin fara fram. Hér undir falla viðskipti innan og utan viðskiptavettvangs raforku.

5. *Markaðsaðili*: Hver sá einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. flutningsfyrirtækið og dreifiveitur, sem stundar viðskipti með heildsöluorkuafurð og/eða gefur fyrirmæli um viðskipti eða annast slík viðskipti í umboði annars.
6. *Miðlægur gagnsæisvettvangur*: Miðlægur upplýsingavettvangur sem rekinn er af Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra í samræmi við 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 543/2013 um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum, sbr. reglugerð nr. 10/2020 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 543/2013 um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum og um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009.
7. *Birtingarleið innherjaupplýsinga*: Rafrænn miðill, vefsetur, upplýsingavettvangur eða önnur sambærileg leið sem markaðsaðili notar til opinberrar birtingar innherjaupplýsinga.
8. *Milligönguaðili í raforkuviðskiptum*: Aðili sem hefur milligöngu um viðskipti með heildsöluorkuafurðir í atvinnuskyni með því að taka á móti viðskiptafyrirmælum og miðla þeim áfram.
9. *Óstaðlaður samningur*: Samningur um heildsöluorkuafurð sem ekki telst staðlaður samningur samkvæmt reglugerð þessari.
10. *Pöntunarbók*: Rauntímaskrá upplýsinga um öll virk kaup- og sölutilboð um heildsöluorkuafurðir, þar á meðal pöruð og ópöruð viðskiptafyrirmæli.
11. *Staðlaður samningur*: Samningur um heildsöluorkuafurð sem tekin hefur verið til viðskipta á viðskiptavettvangi raforku óháð því hvort viðskiptin fara í raun fram á þeim viðskiptavettvangi eða utan hans.
12. *Viðskiptafyrirmæli*: Fyrirmæli sem fela í sér tilboð um kaup eða sölu á heildsöluorkuafurð á tilgreindu verði eða betra verði og í tilgreindu magni.
13. *Viðskiptavettvangur raforku*: Marghliða kerfi sem leiðir saman fjölda þriðju aðila sem vilja kaupa eða selja þannig að til samninga geti stofnast með heildsöluorkuafurðir innan hvers kyns viðskiptaglugga, þ.m.t. næstadagsmarkaður, innandagsmarkaður og framvirkur markaður.

II. KAFLI

Opinber birting innherjaupplýsinga og frestun opinberrar birtingar

3. gr.

Opinber birting innherjaupplýsinga.

Markaðsaðilar skulu birta innherjaupplýsingar opinberlega, tímanlega, án mismununar og án endurgjalds, þannig að almenningi og markaðsaðilum sé samtímis kleift að leggja fullt, rétt og tímanlegt mat á upplýsingarnar.

Markaðsaðili ber ábyrgð á því að birting innherjaupplýsinga uppfylli skilyrði 20. gr. h raforkulaga og reglugerðar þessarar, óháð því hvaða birtingarleið eða upplýsingavettvang hann nýtir.

Upplýsingarnar skulu birtar með rafrænum aðferðum sem tryggja að þær berist í heild sinni, án breytinga, og að trúnaður þeirra viðhaldist á meðan sendingu þeirra stendur og skulu tilgreina með skýrum hætti:

- a) að um innherjaupplýsingar sé að ræða,
- b) fullt heiti þess markaðsaðila sem upplýsingarnar varða,
- c) nafn og staða þess einstaklings sem leggur fram tilkynninguna,
- d) efni innherjaupplýsinganna,
- e) dagsetning og tíma birtingar.

4. gr.

Kröfur til birtingarleiðar innherjaupplýsinga.

Markaðsaðili skal tryggja að sú birtingarleið eða sá upplýsingavettvangur sem hann nýtir til birtingar innherjaupplýsinga sé almennt til þess fallinn að tryggja skilvirka, tímanlega og aðgengilega birtingu upplýsinganna.

Markaðsaðili skal tryggja, eftir því sem við á, að birtingarleið eða upplýsingavettvangur sem hann nýtir:

- a) geri notendum kleift að nálgast birtar innherjaupplýsingar, á auðveldan hátt, án mismununar og endurgjalds,
- b) taki skýrt fram dag- og tímasetningu birtingar innherjaupplýsinga,
- c) skrái birtingu innherjaupplýsinga í tímaröð,
- d) geri kleift að sía upplýsingar, þar á meðal eldri upplýsingar, eftir viðeigandi gagnaflokkum og að unnt sé hlaða þeim niður á rafrænu formi,
- e) búi yfir öryggis- og varalausnum sem draga úr töfum á birtingu og áhrifum tímabundinnar truflunar á aðgengi að þjónustunni,
- f) birti upplýsingar á íslensku og ensku,
- g) tryggi að innherjaupplýsingar, þar á meðal breyttar og uppfærðar upplýsingar, séu aðgengilegar almenningi í að minnsta kosti fimm ár eftir að viðkomandi atburði lýkur,
- h) tryggi að fyrri birtingarsaga varðandi sama atburð sé aðgengileg og að fyrri birtingar séu tengdar nýjum eða uppfærðum birtingum með skýrum og aðgengilegum hætti,
- i) auðveldi dreifingu innherjaupplýsinga í gegnum vefveitur þannig að Raforkueftirlitið geti safnað upplýsingunum og markaðsaðilar unnið úr þeim með skilvirkum hætti.

Markaðsaðili skal tryggja að trúnaður um upplýsingar sem hann birtir sé varðveittur við sendingu, móttöku, geymslu og vinnslu þeirra á þeirri birtingarleið eða þeim upplýsingavettvangi sem hann nýtir.

Markaðsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að birtingarleið eða upplýsingavettvangur sem hann nýtir leiði ekki til óæskilegra hagsmunaárekstra við birtingu innherjaupplýsinga.

Markaðsaðili ber ábyrgð á birtingu innherjaupplýsinga en skal ekki bera ábyrgð á tímabundnum eða tæknilegum vandamálum birtingarleiðar eða upplýsingavettvanga að því gefnu að markaðsaðili hafi ekki áhrif á rekstur slíkra vettvanga.

5. gr.

Tímanleg birting innherjaupplýsinga.

Markaðsaðilar skulu birta innherjaupplýsingar eins fljótt og unnt er.

Innherjaupplýsingar skulu birtar áður en markaðsaðili á viðskipti með eða gefur viðskiptafyrirmæli um heildsöluorkuafurð sem upplýsingarnar varða, nema undanþága samkvæmt raforkulögum eigi við.

6. gr.

Tilkynning um birtingarleið innherjaupplýsinga.

Markaðsaðili skal tilkynna Raforkueftirlitinu með hvaða hætti hann hyggst birta innherjaupplýsingar samkvæmt 20. gr. h raforkulaga. Markaðsaðili skal tilkynna Raforkueftirlitinu án tafar ef breyting verður á birtingarleið.

Raforkueftirlitið getur birt almennar leiðbeiningar um birtingarleiðir eða upplýsingavettvanga sem almennt eru til þess fallnir að uppfylla kröfur reglugerðar þessarar um opinbera, skilvirka, tímanlega og jafna birtingu innherjaupplýsinga.

Raforkueftirlitið getur, að beiðni markaðsaðila eða að eigin frumkvæði, lagt leiðbeinandi mat á hvort tiltekin birtingarleið eða tiltekinn upplýsingavettvangur sé almennt til þess fallinn að uppfylla kröfur reglugerðar þessarar um opinbera, skilvirka, tímanlega og jafna birtingu innherjaupplýsinga.

Mat eða leiðbeiningar Raforkueftirlitsins samkvæmt 2. og 3. mgr. fela ekki í sér að ábyrgð markaðsaðila á birtingu innherjaupplýsinga færist til Raforkueftirlitsins eða viðkomandi upplýsingavettvangs. Markaðsaðili ber áfram ábyrgð á því að innherjaupplýsingar séu birtar í samræmi við 20. gr. h raforkulaga og reglugerð þessa.

Markaðsaðila er heimilt að nota aðra birtingarleið en þá sem Raforkueftirlitið hefur fjallað um samkvæmt 2. eða 3. mgr., enda tryggi markaðsaðili að birtingin uppfylli skilyrði 20. gr. h raforkulaga og reglugerðar þessarar.

7. gr.

Tilkynning um frestaða birtingu innherjaupplýsinga og skrifleg skýring.

Fresti markaðsaðili opinberri birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við 2. mgr. 20. gr. h raforkulaga skal hann varðveita eftirfarandi upplýsingar og gögn um frestunina á varanlegum miðli með þeim hætti að tryggður sé aðgengileiki og læsileiki þeirra:

- a) dagsetninga og tíma þegar:
 1. innherjaupplýsingarnar urðu fyrst til hjá markaðsaðilanum
 2. ákvörðunin um að fresta birtingu innherjaupplýsinga var tekin,
 3. líklegt er að markaðsaðilinn birti innherjaupplýsingarnar,
- b) upplýsingar um þá einstaklinga innan markaðsaðila sem bera ábyrgð á:
 1. ákvörðun um að fresta birtingu upplýsinganna, þ.m.t. ákvörðun um upphaf og lok frestunarinnar,
 2. eftirliti og vöktun skilyrða fyrir frestun,
 3. ákvörðun um að birta innherjaupplýsingarnar opinberlega,
 4. að senda rökstudda tilkynningu um frestun til Raforkueftirlitsins,
- c) gagna sem sýna fram á að skilyrði 2. mgr. 20. gr. h. raforkulaga hafi verið uppfyllt þegar ákvörðun um frestun birtingar var tekin og, eftir því sem við á, gagna um breytingar á aðstæðum, upplýsingum eða forsendum á frestunartímanum sem máli skipta við mat á því hvort skilyrðin séu áfram uppfyllt, þ.m.t.:
 1. ráðstafanir innan markaðsaðilans og gagnvart þriðju aðilum til að tryggja að aðeins þeir sem þurfa á innherjaupplýsingunum að halda í tengslum við starf, stöðu eða skyldur sínar hafi aðgang að þeim.
 2. fyrirkomulag til að tryggja birtingu viðkomandi innherjaupplýsinga eins fljótt og unnt er ef trúnaður um þær er ekki lengur tryggður.

Markaðsaðilar skulu upplýsa Raforkueftirlitið skriflega um frestun á birtingu innherjaupplýsinga og veita allar skriflegar skýringar á slíkum töfum með þeim rafræna hætti sem Raforkueftirlitið tilgreinir. Markaðsaðili skal upplýsa með sama hætti ef nýjar upplýsingar koma fram sem hafa áhrif á mat markaðsaðila við frestun birtingar.

Þær rafrænu aðferðir sem um getur í 2. mgr. skulu tryggja að tilkynningin um frestun birtingar á innherjaupplýsingum innihaldi eftirfarandi upplýsingar:

- a) fullt lögheiti markaðsaðila,
- b) nafn og stöðu þess einstaklings sem leggur fram tilkynninguna innan markaðsaðila,
- c) vinnutölvupóstfang og símanúmer tilkynnanda,
- d) tilgreining á þeim opinberlega birtu innherjaupplýsingum sem frestun birtingar laut að þ.m.t. titill yfirlýsingarinnar um birtingu, tilvísunarnúmer ef slíku hefur verið úthlutað; dagsetningu og tíma opinberrar birtingar innherjaupplýsinganna,
- e) dagsetninga og tíma ákvörðunar um frestun á birtingu innherjaupplýsinganna,
- f) upplýsingar um þá einstaklinga sem báru ábyrgð á þeirri ákvörðun að fresta birtingu innherjaupplýsinga.

Raforkueftirlitið skal á vefsvæði sínu upplýsa um sérstakan tengilið innan Raforkueftirlitsins, og rafrænu aðferðirnar sem um getur í 2. mgr. Þær rafrænu aðferðir skulu tryggja að upplýsingar berist í heild sinni, án breytinga, og að trúnaður þeirra viðhaldist á meðan sendingu þeirra stendur.

III. KAFLI

Viðurkennd markaðsframkvæmd

8. gr.

Almennar kröfur.

Áður en Raforkueftirlitið viðurkennir markaðsframkvæmd skal það:

- a) meta markaðsframkvæmdina með tilliti til hvers og eins þeirra viðmiða sem sett eru fram í 20. gr. f. raforkulaga.
- b) hafa samráð við viðkomandi aðila, eftir því sem við á, þ.m.t. markaðsaðila, rekstraraðila viðskiptavettvanga, milligönguaðila í raforkuviðskiptum og aðra eftirlitsaðila um hvort viðeigandi sé að viðurkenna markaðsframkvæmdina.

Ef Raforkueftirlitið viðurkennir markaðsframkvæmd í samræmi við 20. gr. f. raforkulaga og þessa reglugerð skal það birta opinberlega á vefsetri sínu ákvörðun um að viðurkenna markaðsframkvæmdina og lýsingu á viðkomandi viðurkenndri markaðsframkvæmd með eftirfarandi upplýsingum:

- a) tilgreiningu á þeim aðilum sem heimilt er að stunda hina viðurkenndu markaðsframkvæmd,
- b) tilgreiningu á þeim aðilum eða hópi aðila sem kann að hafa ávinning af hinni viðurkenndu markaðsframkvæmd, hvort sem þeir stunda hana sjálfir eða fela öðrum að gera það,
- c) lýsingu á þeirri tegund heildsöluorkuafurðar sem viðurkennda markaðsframkvæmdin tengist,
- d) upplýsingar um hvort unnt sé að stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina í tiltekinn tíma og lýsingu á aðstæðum eða skilyrðum sem myndu leiða til tímabundinnar truflunar, tímabundinnar stöðvunar eða afnáms framkvæmdarinnar.

Aðilar sem um getur í a-lið 2. mgr. bera ábyrgð á öllum ákvörðunum um viðskipti, þ.m.t. framlagningu viðskiptafyrirmæla, afturköllun eða breytingu á viðskiptafyrirmælum og gerð viðskipta í tengslum við viðurkenndu markaðsframkvæmdina.

Nánari reglur um það hvaða reglum Raforkueftirlitið skal fylgja við mat á viðurkenndri markaðsframkvæmd samkvæmt 20. gr. f. raforkulaga og ákvæðum þessarar reglugerðar koma fram í

viðauka I við reglugerð þessa. Viðaukinn telst hluti reglugerðarinnar og skal birtur sem fylgiskjal með henni.

IV. KAFLI

Gagnaskil til Raforkueftirlitsins

9. gr.

Tegundir heildsöluorkuafurða sem falla undir gagnaskilaskylduna.

Gagnaskil samkvæmt þessum kafla taka til viðskipta með heildsöluorkuafurðir og viðskiptafyrirmæla sem varða slíkar afurðir, til að Raforkueftirlitið geti sinnt eftirliti með heildsöluorkumarkaði samkvæmt 20. gr. i raforkulaga.

Undir gagnaskil samkvæmt þessari grein falla m.a. eftirfarandi samningar og viðskiptafyrirmæli um afhendingu raforku:

1. Samningar og viðskiptafyrirmæli á innandagsmarkaði eða annarra samninga um afhendingu raforku innan dagsins.
2. Samningar og viðskiptafyrirmæli á næstadagsmarkaði eða annarra samninga um afhendingu raforku næsta sólarhring.
3. Samningar og viðskiptafyrirmæli um afhendingu raforku til skemmri tíma, þ.m.t. fyrir næstu tvo sólarhringa, virka daga, helgardaga eða önnur stöðluð afhendingartímabil.
4. Staðlaðir samningar og viðskiptafyrirmæli um afhendingu raforku til lengri tíma sem tekin hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi raforku.
5. Samningar um afhendingu raforku fyrir daginn eftir, óháð því hvar og hvernig viðskiptin fara fram og óháð því hvort þau eru pöruð saman með uppboðsaðferð eða samfelldri pörunaraðferð.
6. Aðrir samningar um afhendingu raforku til lengri tíma en tveggja daga, óháð því hvar og hvernig viðskiptin fara fram og óháð því hvort þau eru pöruð saman með uppboðsaðferð eða samfelldri pörunaraðferð.
7. Samningar um afhendingu á raforku til stórnotenda.

Undir gagnaskil samkvæmt þessari grein falla m.a. eftirfarandi samningar um flutning raforku:

1. Samningar varðandi flutning raforku milli tveggja eða fleiri staða sem gerðir eru vegna skýrrar úthlutunar á flutningsgetu eða fyrir hönd flutningskerfisstjóra, þar sem samningur varðar efnislega eða fjárhagslega flutningsgetu.
2. Samningar sem varða flutning raforku og gerðir eru á aflmarkaði og um jöfnunarorku. Undir þetta falla m.a. samningar um reglunar afl, reiðu afl, reglunar aflstryggingar, vara afl, viðskipti sem gerð eru til að draga úr flutningstakmörkunum í kerfinu, og aflþjónusta.

Raforkueftirlitið skal halda og birta á vef sínum lista yfir staðlaða samninga og afurðir sem falla undir reglubundin gagnaskil samkvæmt þessari grein. Listinn skal taka mið af þróun íslensks heildsöluorkumarkaðar.

Raforkueftirlitið skal jafnframt birta, eftir því sem við á, lista yfir viðskiptavettvanga raforku og milligönguaðila í raforkuviðskiptum sem hafa hlutverk við gagnaskil samkvæmt þessum kafla.

Viðskiptavettvangar raforku skulu afhenda Raforkueftirlitinu auðkennandi upplýsingar um hverja heildsöluorkuafurð sem tekin er til viðskipta á viðskiptavettvangi áður en viðskipti með viðkomandi afurð hefjast. Viðskiptavettvangar skulu tilkynna Raforkueftirlitinu um breytingar á slíkum upplýsingum án tafar.

Til að auðvelda gagnaskil skulu stórnotendur, sem uppfylla þau notendaviðmið sem getið er um í 15. tl. 3. gr. raforkulaga, tilkynna mótaðila sínum um tæknilega notkunargetu viðkomandi.

10. gr.

Samningar sem aðeins falla undir gagnaskil að beiðni Raforkueftirlitsins.

Eftirfarandi samningar og upplýsingar um viðskipti á grundvelli þeirra falla aðeins undir gagnaskilaskyldu að fenginni rökstuddri beiðni Raforkueftirlitsins, nema þeir séu gerðir á viðskiptavettvangi raforku eða varði staðlaða heildsöluorkuafurð sem fellur undir reglubundin gagnaskil samkvæmt 9. gr.:

- a) samningar innan samstæðu,
- b) samningar um afhendingu raforku frá einni framleiðslueiningu með uppsett afl sem er 5 MW eða minna, eða frá fleiri framleiðslueiningum með samanlagt uppsett afl sem er 5 MW eða minna, enda sé ekki líklegt að samningarnir hafi marktæk áhrif á verðmyndun á heildsöluorkumarkaði,
- c) samningar flutningsfyrirtækisins við jöfnunarábyrgðaraðila eða aðra aðila vegna jöfnunarábyrgðar.

Raforkueftirlitið getur óskað eftir gögnum samkvæmt 1. mgr. ef það telur þau nauðsynleg vegna eftirlits með heildsöluorkumarkaði, rannsóknar á mögulegu broti eða mats á því hvort tiltekin viðskipti, viðskiptafyrirmæli eða háttsemi geti haft áhrif á verðmyndun, gagnsæi eða heilleika markaðarins.

11. gr.

Ítaratriði sem samningar sem falla undir gagnaskilin og viðskiptafyrirmæli skulu innihalda.

Gögn sem skila skal samkvæmt 9. gr. skulu innihalda þær lágmarksupplýsingar sem tilgreindar eru í viðauka II við reglugerð þessa, eftir því sem við á.

Vegna staðlaðra samninga um afhendingu raforku skulu gögn innihalda þær upplýsingar sem fram koma í töflu 1 í viðauka II við reglugerð þessa.

Vegna óstaðlaðra samninga um afhendingu raforku skulu gögn innihalda þær upplýsingar sem fram koma í töflu 2 í viðauka II við reglugerð þessa. Upplýsingar um viðskipti með óstaðlaða samninga skulu að minnsta kosti tilgreina heildarmagn og verð.

Vegna samninga um flutning raforku eða flutningsgetu skulu gögn innihalda þær lágmarksupplýsingar sem fram koma í töflu 3 í viðauka II við reglugerð þessa, eftir því sem þær koma fram í viðkomandi samningi eða fyrirbyggjandi gögnum og að því marki sem upplýsingarnar eiga við um eðli samningsins, afurðarinnar eða úthlutunar flutningsgetu.

Raforkueftirlitið skal, að höfðu samráði við viðeigandi aðila, setja nánari leiðbeiningar um gagnaskilaskyldu upplýsinga samkvæmt þessari grein í notendahandbók og gera þær aðgengilegar almenningi við gildistöku þessarar reglugerðar. Raforkueftirlitið skal ráðfæra sig við viðeigandi aðila um efnislegar uppfærslur á notendahandbókinni.

12. gr.

Aðilar sem skila gögnum.

Markaðsaðili ber ábyrgð á gagnaskilum vegna eigin viðskipta og viðskiptafyrirmæla um heildsöluorkuafurðir sem viðskipti eru höfð með á viðskiptavettvangi raforku, þar með talið pöruð og ópöruð viðskiptafyrirmæli til Raforkueftirlitsins í gegnum þá viðskiptavettvang raforku sem notast er við.

Viðskiptavettvangar raforku skulu, að beiðni markaðsaðila, skila gögnum fyrir hans hönd til Raforkueftirlitsins.

Kerfisstjóri eða þriðju aðilar sem starfa fyrir hönd hans, skulu skila gögnum um samninga sem um getur í 3. mgr. 9. gr., þar á meðal pöruð og ópöruð viðskiptafyrirmæli.

Markaðsaðilar eða þriðju aðilar sem starfa fyrir hönd þeirra skulu skila gögnum um samninga sem um getur í 2. mgr. 9. gr. sem hafa verið gerðir utan viðskiptavettvanga raforku.

Þegar gögn hafa verið afhent Raforkueftirlitinu af viðskiptavettvangi raforku, milligönguaðila í raforkuviðskiptum, kerfisstjóra eða öðrum þriðja aðila fyrir hönd markaðsaðila telst gagnaskilaskyldu markaðsaðila fullnægt að því marki sem gögnin eru rétt, fullnægjandi og afhent innan tilskilinna tímamarka.

Þegar þriðji aðili skilar gögnum fyrir hönd markaðsaðila skulu gagnaskilin innihalda allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru samkvæmt reglugerð þessari, þar á meðal upplýsingar um samningsaðila og mótaðila, eftir því sem við á.

Raforkueftirlitið getur óskað eftir frekari upplýsingum og skýringum frá markaðsaðilum og aðilum sem skila gögnum fyrir hönd markaðsaðila, varðandi þau gögn sem skilað hefur verið.

13. gr.

Tímamörk gagnaskila.

Gögnum um staðlaða samninga og viðskiptafyrirmæli, þar á meðal pöruð og ópöruð viðskiptafyrirmæli skal skilað eins fljótt og auðið er og eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að samningur eða viðskiptafyrirmæli voru lögð fram.

Breytingar eða afturköllun viðskiptafyrirmæla og breytingar eða uppsögn staðlaðra samninga skulu tilkynntar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að breyting, afturköllun eða uppsögn á sér stað.

Ef um er að ræða viðskiptavettvang með uppboðsaðferð þar sem viðskiptafyrirmæli eru ekki birt opinberlega skal skila upplýsingum um pöruð viðskipti og þau viðskiptafyrirmæli sem leiddu til viðskipta eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að niðurstaða uppboðs liggur fyrir.

Viðskiptafyrirmæli sem lögð eru fram munnlega, þar á meðal í gegnum síma milligönguaðila í raforkuviðskiptum eða viðskiptavettvangs raforku, og birtast ekki í rafrænni pöntunarbók skulu aðeins tilkynnt að beiðni Raforkueftirlitsins, nema þau leiði til viðskipta eða breytinga á áður tilkynntum viðskiptum.

Gögnum um óstaðlaða samninga, þar á meðal breytingar eða uppsögn samnings og viðskipta sem vísað er til í 3. mgr. 11. gr., skal skilað eigi síðar en einum mánuði eftir að samningur er gerður, breytt eða honum sagt upp. Gögn um nýtingu á valréttarákvæðum innan samninganna skal skilað á mánaðarfresti.

Gögnum um samninga eða viðskipti sem varða flutningsgetu, úthlutun flutningsgetu, jöfnunarorku, reglunarafl eða aðrar sambærilegar kerfistengdar afurðir skal skilað á mánaðarfresti, og eigi síðar en síðasta dag næstliðins mánaðar frá því að viðskiptin áttu sér stað.

Gögnum um samninga um heildsöluorkuafurðir sem gerðir voru fyrir þann dag sem tilkynningarskyldan tekur gildi og eru enn í gildi á þeim degi skulu tilkynntar Raforkueftirlitinu innan 90 daga frá því að tilkynningarskyldan tekur gildi fyrir þessa samninga.

Tilkynningarskyld gögn skulu aðeins innihalda gögn sem hægt er að draga úr núverandi skrá markaðsaðila. Skulu þær að minnsta kosti innihalda upplýsingar um einkenni viðkomandi viðskipta svo sem lengd, afhendingu, uppgjorsreglur, magn, dagsetningar, tímasetningar framkvæmdar ásamt verði sem og leiðir til að einkenna markaðsaðila.

14. gr.

Reglur um gagnaskil um upplýsingar sem skipta máli um afkastagetu og notkun á búnaði til framleiðslu, geymslu, neyslu eða flutnings orku.

Kerfisstjóri skal eftir því sem við á og að því marki sem upplýsingarnar liggja fyrir hjá honum, gera Raforkueftirlitinu aðgengilegar upplýsingar um afkastagetu og notkun búnaðar til framleiðslu, notkunar, geymslu eða flutnings raforku, þar með talið fyrirhugaðan og ófyrirhugaðan óteltækileika slíks búnaðar.

Upplýsingar samkvæmt 1. mgr. skulu, byggjast á gögnum sem birt eru eða afhent samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 543/2013 um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum, sbr. reglugerð nr. 10/2020.

Kerfisstjóri skal tilkynna Raforkueftirlitinu, í kjölfar beiðni eftirlitsins, um lokatilnefningar milli sniða þar sem tilgreint er hvaða markaðsaðilar taka þátt og áætlað magn. Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar eigi síðar en næsta virka dag.

15. gr.

Tæknileg og skipulagskröfur og ábyrgð á gagnaskilum

Aðilar sem skila gögnum samkvæmt þessum kafla skulu tryggja að gagnaskil séu rétt, heildstæð, tímanleg og í samræmi við það form sem Raforkueftirlitið ákveður.

Til að tryggja skilvirka, árangursríka og örugga meðhöndlun gagnaskila skal Raforkueftirlitið hafa samráð við viðeigandi aðila og þróa tæknilegar og skipulagslegar kröfur um gagnaafhendingu. Raforkueftirlitið skal hafa samráð við viðeigandi aðila um efnislegar uppfærslur á þessum kröfum. Kröfurnar skulu:

- a) tryggja öryggi, trúnað og heilleika upplýsinga,
- b) gera kleift að greina og leiðrétta villur í gagnaskilum
- c) gera kleift að staðfesta uppruna upplýsinganna,
- d) tryggja rekstrarstöðugleika

Raforkueftirlitið getur krafist prófana eða staðfestingar á tæknilegri getu aðila til gagnaskila áður en reglubundin rafræn gagnaskil hefjast. Slíkar kröfur skulu taka mið af eðli og umfangi gagnaskila.

Ef aðili skilar gögnum fyrir hönd markaðsaðila ber sá aðili ábyrgð á heilleika, nákvæmni og tímanlegri afhendingu gagnanna, að því marki sem ábyrgðin verður rakin til hans. Markaðsaðili skal þó gera eðlilegar ráðstafanir til að ganga úr skugga um að gögn sem afhent eru fyrir hans hönd séu rétt, fullnægjandi og afhent innan tilskilinna tímamarka.

Raforkueftirlitið skal birta á vef sínum nánari upplýsingar um tæknilegt fyrirkomulag gagnaskila, rafræn snið, auðkenni og samskipti við gagnagrunn Raforkueftirlitsins.

V. KAFLI

Fyrirbygging og greining markaðssvika

16. gr.

Fyrirbygging og greining markaðssvika

Viðskiptavettvangar raforku og milligönguaðilar í raforkuviðskiptum skulu koma á fót og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi, kerfum og verklagi sem miða að því að koma í veg fyrir og greina innherjasvik, ólögmeta miðlun innherjaupplýsinga, markaðsmisnotkun og tilraun til slíkrar háttsemi samkvæmt raforkulögum.

Skylda samkvæmt 1. mgr. skal taka mið af gerð, stærð, umfangi og áhættu í starfsemi viðkomandi viðskiptavettvangs og milligönguaðila í raforkuviðskiptum.

Viðskiptavettvangar raforku og milligönguaðilar í raforkuviðskiptum skulu hafa innri verkferla sem tryggja:

- a) fullnægjandi þekkingu starfsmanna á reglum um innherjasvik, ólögmæta miðlun innherjaupplýsinga, markaðsmisnotkun og tilraun til slíkrar háttsemi,
- b) að starfsmenn sem annast fyrirbyggingu og greiningu markaðssvika geti sinnt verkefnum sínum með sjálfstæðum hætti og án óeðlilegra hagsmunaárekstra,
- c) viðeigandi aðskilnað milli eininga innan starfseminnar, þegar slíkt er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra,
- d) skrásetningu samskipta við markaðsaðila og milli eininga innan starfseminnar,
- e) trúnað og öryggi gagna sem notuð eru við fyrirbyggingu og greiningu markaðssvika,
- f) að grunsamleg viðskiptafyrirmæli og viðskipti séu tilkynnt Raforkueftirlitinu samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar.

17. gr.

Tilkynningarskylda viðskiptavettvanga og milligönguaðila í raforkuviðskiptum.

Rekstraraðili viðskiptavettvangs raforku og milligönguaðili í raforkuviðskiptum skulu án tafar tilkynna Raforkueftirlitinu um viðskiptafyrirmæli, viðskipti, afturköllun eða breytingu á viðskiptafyrirmælum sem þeir hafa rökstuddan grun um að þau geti falið í sér innherjasvik, ólögmæta miðlun innherjaupplýsinga, markaðsmisnotkun eða tilraun til slíkrar háttsemi samkvæmt raforkulögum.

Tilkynning skal send með öruggum hætti samkvæmt nánari fyrirmælum Raforkueftirlitsins. Tilkynning skal, eftir því sem upplýsingar liggja fyrir hjá tilkynningarskyldum aðila þegar rökstuddur grunur vaknar, innihalda upplýsingar um deili á þeim markaðsaðila eða aðilum sem tilkynning varðar, tíma og dagsetningu atviks.

Tilkynningin skal í síðasta lagi berast fjórum vikum frá því að tilkynningarskyldur aðili varð var við möguleg innherjasvik, markaðsmisnotkun eða tilraun til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar. Tilkynning samkvæmt 1. mgr. skal veitt í góðri trú og í samræmi við raforkulög, reglugerð þessa og önnur lög sem við eiga. Tilkynningarskyldur aðili skal gæta trúnaðar um tilkynninguna og efni hennar, eftir því sem við á, og er óheimilt að upplýsa markaðsaðila eða annan utanaðkomandi aðila um að Raforkueftirlitinu hafi verið veittar upplýsingar samkvæmt 1. mgr., nema slíkt sé heimilt eða skylt samkvæmt lögum.

Viðskiptavettvangi raforku og milligönguaðila í raforkuviðskiptum er óheimilt að hafa milligöngu um viðskipti með heildsöluorkuafurð hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að viðskipti feli í sér brot á ákvæðum raforkulaga um um innherjasvik, ólögmæta miðlun innherjaupplýsinga, markaðsmisnotkun eða tilraun til slíkrar háttsemi.

VI. KAFLI

Eftirlit og úrræði

18. gr.

Eftirlit Raforkueftirlitsins

Raforkueftirlitið skal hafa eftirlit með því að aðilar sem falla undir gildissvið reglugerðarinnar fullnægi þeim skyldum sem leiða af 20. gr. a–20. gr. i. raforkulaga, reglugerð þessari, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum.

19. gr.

Tilkynningar um grunsamleg viðskipti

Vakni grunur hjá starfsmanni markaðsaðila um brot á ákvæðum um innherjasvik, ólögmæta miðlun innherjaupplýsinga, markaðsmisnotkun eða tilraun til slíkrar háttsemi skal hann þegar í stað tilkynna það til næsta yfirmanns eða regluvarðar. Viðkomandi markaðsaðila er skylt að tilkynna slíkan grun til Raforkueftirlitsins án tafar. Starfsmanni er einnig heimilt að tilkynna Raforkueftirlitinu um slíkan grun. Tilkynning samkvæmt þessari grein skal veitt í góðri trú og í samræmi við raforkulög, reglugerð þessa og önnur lög sem við eiga. Raforkueftirlitið skal gæta trúnaðar um tilkynningu og upplýsingar sem henni fylgja í samræmi við lög. Óheimilt er að upplýsa utanaðkomandi aðila um að Raforkueftirlitinu hafi verið veittar upplýsingar samkvæmt þessari grein, nema slíkt sé heimilt eða skylt samkvæmt lögum.

Aðilar sem tilkynna Raforkueftirlitinu um grun skv. 1. mgr. skulu senda Raforkueftirlitinu eftirfarandi upplýsingar:

1. Lýsingu á viðskiptum, þ.m.t. hvers konar fyrirmæli er um að ræða, gerð tilboða, t.d. skilyrt tilboð, markaðspöntun eða annars konar fyrirmæli, og tegund þess markaðar sem viðskiptin eiga sér stað á.
2. Ástæður gruns um að viðskipti geti talist til markaðssvika
3. Auðkenna á aðila sem viðskipti fara fram fyrir og öðrum aðilum sem eiga hlut að viðkomandi viðskiptum
4. Hvaða stöðu sá aðili sem tilkynnt er um hefur t.d. hvort viðskiptin eru fyrir markaðsaðila eða fyrir hönd þriðja aðila
5. Allar upplýsingar sem kunna að þeirra mati að skipta máli við athugun á viðskiptum.

Ef upplýsingar skv. 2. mgr. liggja ekki fyrir þegar tilkynningin er send, skulu a.m.k. koma fram ástæður þess að tilkynnanda grunar að viðskiptin geti talist til innherjasvika, ólögmætrar miðlunar innherjaupplýsinga, markaðsmisnotkunar eða tilraunar til markaðsmisnotkunar. Aðrar upplýsingar skal senda Raforkueftirlitinu um leið og þær liggja fyrir.

Raforkueftirlitið skal hafa ferla til þess að taka við og fylgja eftir tilkynningum um brot, möguleg brot og tilraunir til brota á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um aðila sem lúta eftirliti með 20. gr. a. – 20. gr. i. raforkulaga.

Ferlar skv. 4. mgr. skulu vera aðskildir frá öðrum ferlum innan Raforkueftirlitsins. Ferlar skulu tryggja að tilkynningar séu skráðar og ef upplýsingar sem koma fram í tilkynningu má rekja beint eða óbeint til þess sem tilkynnti skulu þær fara leynt, nema skylt sé að veita slíkar upplýsingar lögum samkvæmt til lögreglu eða á grundvelli dómsúrskurðar. Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

20. gr.

Heimildir Raforkueftirlitsins

Raforkueftirlitið skal við framkvæmd eftirlits ekki beita viðurhlutameiri heimildum heldur en nauðsyn krefur og byggja eftirlitið eins og kostur er á innra eftirliti hinna eftirlitsskyldu aðila.

Raforkueftirlitið getur, í samræmi við raforkulög, krafist eftirlitsskylda aðila um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins með 20. gr. a – 20. gr. i raforkulaga og reglugerðar þessarar. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Raforkueftirlitið setur. Raforkueftirlitið getur einnig skyldað þessa aðila til að upplýsa eftirlitið reglulega um atriði sem skipta máli við eftirlitið. Þá getur Raforkueftirlitið krafist þess að eftirlitsskyldur aðili komi á innra eftirliti með reglufylgni samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við kröfur sem eftirlitið setur.

Raforkueftirlitið getur í eftirlitsstörfum sínum krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra, eftir því sem heimilt er samkvæmt lögum.

Raforkueftirlitið getur við rannsókn mála gert nauðsynlegar athuganir á starfstöð eftirlitsskylds aðila og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn reglugerð þessari, skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum. Við framkvæmd slíkra aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

21. gr.

Úrræði Raforkueftirlitsins

Telji Raforkueftirlitið að aðili sem fellur undir gildissvið reglugerðar þessarar uppfylli ekki skyldur samkvæmt raforkulögum, reglugerð þessari, skilyrðum leyfis eða ákvörðun Raforkueftirlitsins, getur Raforkueftirlitið beint til hans fyrirmælum um úrbætur innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum.

Raforkueftirlitið getur beitt þeim úrræðum sem mælt er fyrir um í raforkulögum, þar á meðal áminningu, dagsektum eða stjórnvaldssektum, eftir því sem skilyrði laga eru uppfyllt. Beiting stjórnvaldssekta vegna brota gegn raforkulögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim fer eftir 26. gr. b raforkulaga.

Dagsektir geta numið 10.000–500.000 kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um úrræði samkvæmt þessari grein skal vera skrifleg, rökstudd og tilkynnt þeim sem hún beinist að með sannanlegum hætti.

22. gr.

Viðurlög

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt 1. mgr. 26. gr. b. raforkulaga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Við ákvörðun stjórnvaldssekta og annarra stjórnsýsluviðurlaga skal taka mið af 26. gr. c raforkulaga.

Beiting viðurlaga samkvæmt þessari grein hefur ekki áhrif á beitingu annarra viðurlaga samkvæmt lögum, ef skilyrði þeirra eru uppfyllt.

23. gr.

Birting ákvarðana.

Raforkueftirlitið skal birta á vef sínum opinberlega án ástæðulausrar tafar sérhverja ákvörðun um að leggja á stjórnsýsluviðurlög eða beita annarri ráðstöfun á grundvelli brota gegn 20. gr. a. – 20. gr. i. raforkulaga og reglugerð þessari, þar á meðal hvert brotið er og þá einstaklinga og lögaðila sem eru látnir sæta viðurlögum eftir að viðkomandi aðilar hafa verið upplýstir um ákvarðanirnar. Upplýsingarnar skulu vera á vef Raforkueftirlitsins í minnst fimm ár.

Við birtingu skal Raforkueftirlitið taka tillit til trúnaðar, viðskiptaleyndarmála, persónuverndar, rannsóknarhagsmuna, stöðugleika heildsölumarkaðar og hagsmuna þeirra einstaklinga eða lögaðila sem ákvörðun beinist að.

Raforkueftirlitið getur frestað birtingu, birt ákvörðun án persónugreinanlegra upplýsinga eða ákveðið að birta ekki ákvörðun ef birting væri bersýnilega ósamrýmanleg þeim hagsmunum sem greinir í 2. mgr.

24. gr.

Þagnarskylda

Starfsmenn Raforkueftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir komast að í störfum sínum. Sama gildir um sérfræðinga og aðra aðila sem starfa á vegum Raforkueftirlitsins. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt fari um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með.

Þagnarskylda samkvæmt þessari grein stendur þó ekki í vegi fyrir því að Raforkueftirlitið miðli upplýsingum til annarra stjórnvalda, dómstóla eða lögreglu þegar slíkt er heimilt eða skylt samkvæmt lögum.

25. gr.

Gjaldtaka

Kostnaður vegna eftirlits Raforkueftirlitsins á grundvelli þessarar reglugerðar er greiddur af því gjaldi sem innheimt er samkvæmt 31. gr. raforkulaga.

VII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

26. gr.

Lagastoð og gildistaka

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 20. gr. j. raforkulaga nr. 65/2003, öðlast gildi 1. janúar 2027.

VIÐAUKI I
Reglur um mat á viðurkenndri markaðsframkvæmd

1. gr.

Viðurkennd markaðsframkvæmd

Raforkueftirlitið getur, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni, tekið afstöðu til þess hvort tiltekin markaðsframkvæmd teljist viðurkennd markaðsframkvæmd samkvæmt 20. gr. f raforkulaga.

Við matið skal Raforkueftirlitið líta til þeirra atriða sem tilgreind eru í 20. gr. f raforkulaga, þar á meðal áhrifa framkvæmdarinnar á gagnsæi, heilleika og virkni heildsöluorkumarkaðar, seljanleika og skilvirkni, og hvort markaðsaðilum sé kleift að bregðast við nýjum markaðsaðstæðum með tímanlegum og eðlilegum hætti.

Raforkueftirlitið skal beita mati samkvæmt þessari grein með hliðsjón af meðalhófi, stærð og þróunarstigi íslensks heildsöluorkumarkaðar og, eftir því sem við á, með hliðsjón af leiðbeiningum ACER um framkvæmd REMIT.

2. gr.

Málsmeðferð og birting ákvörðunar

Áður en Raforkueftirlitið tekur ákvörðun um viðurkennda markaðsframkvæmd skal það, eftir því sem við á, hafa samráð við markaðsaðila, rekstraraðila viðskiptavettvanga raforku, milligönguaðila í raforkuviðskiptum og önnur stjórnvöld sem málið varðar.

Ákvörðun Raforkueftirlitsins um viðurkennda markaðsframkvæmd skal vera rökstudd og birt á vef stofnunarinnar, nema lögmætir hagsmunir, trúnaður, viðskiptaleyndarmál eða rannsóknarhagsmunir mæli gegn birtingu að hluta eða öllu leyti.

Í ákvörðun skal, eftir því sem við á, koma fram lýsing á framkvæmdinni, þeim aðilum sem heimilt er að stunda hana, þeim heildsöluorkuafurðum sem hún varðar, gildistíma hennar og þeim skilyrðum sem gilda um framkvæmdina.

3. gr.

Endurskoðun, breytingar og afturköllun

Raforkueftirlitið skal endurskoða viðurkennda markaðsframkvæmd ef verulegar breytingar verða á markaðsaðstæðum, ef skilyrði viðurkenningar eru ekki lengur uppfyllt eða ef ástæða er til að ætla að framkvæmdin hafi verið stunduð með hætti sem samrýmist ekki raforkulögum, reglugerð þessari eða ákvörðun Raforkueftirlitsins um viðurkenningu framkvæmdarinnar.

Raforkueftirlitið getur breytt skilyrðum viðurkenningar eða fellt viðurkenningu úr gildi að undangenginni málsmeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum.

Ákvörðun um breytingu eða afturköllun viðurkenningar skal vera rökstudd og birt með sama hætti og ákvörðun um viðurkenningu, nema lögmætir hagsmunir, trúnaður, viðskiptaleyndarmál eða rannsóknarhagsmunir mæli gegn birtingu að hluta eða öllu leyti.

4. gr.

Leiðbeiningar um viðurkennda markaðsframkvæmd

Raforkueftirlitið getur birt leiðbeiningar um þau sjónarmið sem höfð verða til hliðsjónar við mat á viðurkenndri markaðsframkvæmd samkvæmt 20. gr. f raforkulaga og þessum kafla.

Í leiðbeiningum má m.a. fjalla nánar um gagnsæi og upplýsingagjöf, áhrif framkvæmdar á verðmyndun, framboð og eftirspurn, áhrif á seljanleika og skilvirkni markaðar, vernd heildsöluorkumarkaðar, hagsmunaárekstra, aðskilnað viðskiptastarfsemi, skráningu og varðveislu gagna, samráð við markaðsaðila, reglubundna upplýsingagjöf og þær aðstæður sem geta leitt til endurskoðunar, breytingar eða afturköllunar viðurkenningar.

Leiðbeiningar samkvæmt þessari grein skulu birtar á vef Raforkueftirlitsins. Við gerð og verulegar breytingar á leiðbeiningum skal Raforkueftirlitið, eftir því sem við á, hafa samráð við markaðsaðila, rekstraraðila viðskiptavettvanga raforku, milligönguaðila í raforkuviðskiptum og önnur stjórnvöld sem málið varðar.

5. gr.

Hafi jákvæð áhrif á gagnsæi á markaðinum

Áður en Raforkueftirlitinu er unnt að viðurkenna markaðsframkvæmd skal það kanna hvort markaðsframkvæmdin hafi jákvæð áhrif á gagnsæi á markaðnum skv. 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. f raforkulaga. Í því skyni skal Raforkueftirlitið meta hvort markaðsframkvæmdin tryggi að eftirfarandi upplýsingar verði birtar almenningi:

- a) áður en markaðsframkvæmdin er stunduð sem viðurkennd markaðsframkvæmd:
 1. deili á haghöfum og þeim aðilum sem munu stunda markaðsframkvæmdina og deili á þeim eina meðal þeirra sem ber ábyrgð á því að farið sé að gagnsæiskröfum skv. þessu ákvæði.
 2. tilgreining á þeim heildsöluorkuafurðum sem viðurkennda markaðsframkvæmdin mun gilda um,
 3. tímabilið þegar viðurkennda markaðsframkvæmdin verður stunduð og aðstæður eða skilyrði myndu leiða til tímabundinnar truflunar, tímabundinnar stöðvunar eða afnáms framkvæmdarinnar,
 4. tilgreining á þeim viðskiptavettvöngum þar sem viðurkennda markaðsframkvæmdin verður stunduð og, ef við á, möguleikanum á að framkvæma viðskiptin utan viðskiptavettvangs,
 5. tilgreining á hámarkspeningafjárhæð og fjölda heildsöluorkuafurðar sem er úthlutað til viðurkenndu markaðsframkvæmdarinnar, ef við á,
- b) þegar markaðsframkvæmdin hefur hafist sem viðurkennd markaðsframkvæmd:
 1. reglubundnar upplýsingar sem viðskiptastarfsemi sem tengist hinni viðurkenndu markaðsframkvæmd, svo sem fjölda framkvæmdra viðskipta, magn viðskipt, meðalstærð viðskipta og meðalverðbil tilboða, verð framkvæmdra viðskipta,
 2. allar breytingar á áður birtum upplýsingum um viðurkenndu markaðsframkvæmdina, þ.m.t. breytingar sem varða tiltæk aðföng í formi peninga og heildsöluorkuafurða, breytt deili á aðilum sem stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina og allar

breytingar á úthlutun peninga eða heildsöluorkuafurða í reikningum haghafa og þeirra aðila sem stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina,

3. Raforkueftirlitið skal veita leiðbeiningar um hvernig staðið skal að upplýsingaskyldunni.

c) þegar hætt er að stunda markaðsframkvæmdina sem viðurkennda markaðsframkvæmd að frumkvæði þess aðila sem hefur haft hana með höndum, haghafans eða beggja:

1. að viðurkenndu markaðsframkvæmdinni hafi verið hætt,
2. lýsing á því hvernig viðurkennda markaðsframkvæmdin hefur verið stunduð,
3. ástæður eða orsakir þess að viðurkenndu markaðsframkvæmdinni hafi verið hætt.

Þegar Raforkueftirlitið kannar hvort unnt er að viðurkenna markaðsframkvæmd í samræmi við 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. f skal það kanna hvort markaðsframkvæmdin tryggi að eftirfarandi upplýsingar verði Raforkueftirlitinu:

- a) áður en markaðsframkvæmd hefst sem viðurkennd markaðsframkvæmd: fyrirkomulag eða samningar milli tilgreindra haghafa og þeirra aðila sem munu stunda markaðsframkvæmdina þegar hún hefur verið viðurkennd, ef þörf er á slíku fyrirkomulagi eða samningum til framkvæmdarinnar,
- b) þegar markaðsframkvæmdin hefur hafist sem viðurkennd markaðsframkvæmd: reglubundin skýrsla til Raforkueftirlitsins með upplýsingum um framkvæmd viðskipti og framkvæmd hvers konar fyrirkomulags eða samnings milli haghafans og þeirra aðila sem stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina.

6. gr.

Áhrif á seljanleika og skilvirkni á markaði

Þegar Raforkueftirlitið ákvarðar hvort markaðsframkvæmd sem fyrirhugað er að viðurkenna uppfylli viðmið sem sett eru fram í 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. f um áhrif á seljanleika og skilvirkni á markaði skal það meta áhrif markaðsframkvæmdarinnar á a.m.k. eftirfarandi þætti:

- a) magn viðskipta,
- b) fjöldi tilboða í tilboðaskránni (dýpt tilboða),
- c) hraða framkvæmdar viðskiptanna,
- d) magnvegið meðalverð hvers viðskiptatímabils, lokaverð,
- e) verðbil kaup-/sölutilboða, verðsveiflur og -flökt.
- f) hve reglubundin verðtilboð eða viðskipti eru.

7. gr.

Áhrif á eðlilega starfsemi markaðarins

Þegar Raforkueftirlitið ákvarðar hvort markaðsframkvæmd sem fyrirhugað er að viðurkenna uppfylli viðmið sem sett eru fram í 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. f um áhrif á skilvirkni markaðarins skal það meta áhrif markaðsframkvæmdarinnar á a.m.k. eftirfarandi þætti:

- a) líkur á því að markaðsframkvæmdin gæti haft áhrif á verðmyndunarferli á viðskiptavettvangi raforku,

- b) að hve miklu leyti markaðsframkvæmdin gæti auðveldað mat á veðri og tilboði sem færð eru í tilboðaskrána og hvort fyrirhuguð viðskipti eða tilboð vegna beitingar hennar sem viðurkenndrar markaðsframkvæmdar brjóti í bága við viðskiptareglur viðkomandi viðskiptavettvangs raforku,
- c) fyrirkomulag við opinbera birtingu upplýsinganna sem getur um í 10. gr., þ.m.t. þegar þær eru birtar á vefsetri viðkomandi viðskiptavettvangs og, ef við á, þegar þær eru birtar samtímis á vefsetrum haghafanna,
- d) að hve miklu leyti markaðsframkvæmdin kemur fyrir á fyrir fram skilgreindum lista yfir aðstæður eða skilyrði þar sem hún sem viðurkennd markaðsframkvæmd er stöðvuð tímabundið eða takmörkuð, m.a. á tilteknum viðskiptagluggum, svo sem jöfnunarorku, á næstadasmörkuðum, innandagsmörkuðum eða útboðum með lengri framvirka samninga.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal einnig taka mið af markaðsframkvæmd þar sem rekstraraðili viðskiptavettvangs eða milligönguaðili í raforkuviðskiptum hafa eftirlit með viðskiptum og tilboðum í rauntíma sbr. 20. gr. g raforkulaga.

Raforkueftirlitið skal meta hve miklu leyti markaðsframkvæmd gerir kleift:

- a) að leggja fram og framkvæma tilboð sem tengjast henni í opnunar- og lokunaruppbóði viðskiptatímabils
- b) að leggja fram eða framkvæma tilboð eða viðskipti sem tengjast henni á tímabilum þar sem verðjöfnunar- og endurkaupaaðgerðir fara fram.

8. gr.

Áhætta fyrir heilleika tengdra markaða

Þegar Raforkueftirlitið ákvarðar hvort markaðsframkvæmd sem fyrirhugað er að viðurkenna uppfylli viðmiðið sem er sett fram í 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. f raforkulaga skal það meta:

- a) hvort þær heildsöluorkuafurðir sem ráðgert er að úthluta til viðurkenndu markaðsframkvæmdarinnar séu hæfilegar og í samræmi við markmið viðurkenndu markaðsframkvæmdarinnar sjálfrar,
- b) hvort skyldur viðkomandi haghafa og aðila sem stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina eða, ef við á, skyldur þeirra sem deila séu skýrt skilgreindar,
- c) hvort sú tegund aðila sem munu beita viðurkenndu markaðsframkvæmdinni búi yfir stjórnskipulagi og fullnægjandi innra fyrirkomulagi til að tryggja að trúnaður haldist um viðskiptaákvæðanir sem tengjast markaðsframkvæmdinni fyrir öðrum einingum innan þess aðila og að þær ákvæðanir séu óháðar fyrirmælum um viðskipti frá viðskiptavinum, stýringu framboðs, eða tilboðum sem lögð eru fram,
- d) hvort fyrir hendi sé fullnægjandi ferli upplýsingagjafar milli haghafans og aðilans sem munu stunda viðurkenndu markaðsframkvæmdina svo unnt sé að skiptast á nauðsynlegum upplýsingum og þeir geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum eða samningum, eftir því sem við á.

Þegar Raforkueftirlitið ákvarðar hvort markaðsframkvæmd sem fyrirhugað er að viðurkenna uppfylli viðmiðið sem er sett fram í 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. f raforkulaga skal það taka tillit til hvers kyns rannsóknar á heildsöluorkumörkuðum sem það hefur eftirlit með sem gæti gefið tilefni til efa um markaðsframkvæmdina sem fyrirhugað er að viðurkenna.

9. gr.

Vernd fyrir tækifæri annarra markaðsaðila til að bregðast við viðskiptunum

Þegar Raforkueftirlitið ákvarðar hvort markaðsframkvæmd sem fyrirhugað er að viðurkenna skal það meta hvort markaðsaðilum hafi verið kleift að bregðast á tilhlýðilegan hátt og tímanlega við þeim nýju markaðsaðstæðum sem framkvæmdin hefur skapað í samræmi við 2. og 4. tölul. 1. mgr. 20. gr. f raforkulaga. Raforkueftirlitið skal nota a.m.k. eftirfarandi viðmið sem varða tegundir þeirra aðila sem munu stunda markaðsframkvæmdina þegar hún hefur verið viðurkennd:

- a) hvort þeir aðilar séu undir eftirliti,
- b) hvort þeir séu aðilar að viðskiptavettvangi raforku þar sem viðurkennda markaðsframkvæmdin var stunduð,
- c) hvort þeir haldi skrár yfir fyrirmæli og viðskipti sem tengjast markaðsframkvæmdinni sem stunduð er á þann hátt að auðvelt sé að greina hana frá annarri viðskiptastarfsemi, þ.m.t. með því að halda aðskilið bókhald yfir viðurkennda markaðsframkvæmd, einkum til að sýna fram á að sett fyrirmæli séu færð inn með aðskildum hætti og hver fyrir sig án þess að fyrirmælum frá fleiri en einum viðskiptavini sé safnað saman,
- d) hvort þeir hafi komið á sérstöku innra verklagi sem gerir kleift:
 1. að bera þegar í stað kennsl á þá starfsemi sem tengist markaðsframkvæmdinni,
 2. að Raforkueftirlitið eigi greiðan aðgang að skráum yfir viðkomandi fyrirmæli og viðskipti þegar það óskar eftir því,
- e) hvort þeir búi yfir nauðsynlegum tilföngum til regluvörslu og úttekta til að geta haft eftirlit með og tryggt að ávallt sé farið að settum skilyrðum fyrir viðurkenndu markaðsframkvæmdinni
- f) hvort þeir geymi gögn sem getið er um í c-lið í a.m.k. 5 ár.

Raforkueftirlitið skal meta hvort markaðsframkvæmdin byggist á skýrum og fyrir fram skilgreindum skilyrðum um framkvæmd viðskipta, þar á meðal mörkum varðandi verð og magn. Raforkueftirlitið skal meta að hvaða marki markaðsframkvæmdin og fyrirkomulag eða samningur um hana:

- a) gerir aðilanum sem stundar viðurkenndu markaðsframkvæmdina kleift að aðhafast óháð haghafanum án þess að þurfa að lúta fyrirmælum, upplýsingum eða áhrifum haghafans um það hvernig viðskiptin eiga að fara fram,
- b) gerir kleift að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli haghafans og viðskiptavina aðilans sem stundar viðurkenndu markaðsframkvæmdina.

10. gr.

Endurskoðun, breytingar og afnám viðurkenndrar markaðsframkvæmdar

Raforkueftirlitið skal meta reglulega og a.m.k. annað hvert ár hvort skilyrðin fyrir viðurkenningu markaðsframkvæmdarinnar sem sett eru fram í 1 – 4. tölul. 1. mgr. 20. gr. f raforkulaga séu enn uppfyllt.

Raforkueftirlitið skal endurskoða markaðsframkvæmd ef:

- a) viðurlögum sem varða viðurkenndu markaðsframkvæmdina hefur verið beitt,
- b) þegar einu eða fleiri skilyrðum skv. 20. gr. f raforkulaga fyrir viðurkenningu markaðsframkvæmdar er ekki lengur fullnægt vegna verulegrar breytingar á markaðsumhverfinu
- c) þegar Raforkueftirlitið hefur ástæðu til að haghafar viðurkenndrar markaðsframkvæmdar eða aðilar sem stunda hana hafa sýnt af sér háttsemi sem er andstæð ákvæðum 20. gr. a. – 20. gr. i raforkulaga.

Leiði matið í ljós að viðurkennd markaðsframkvæmd fullnægi ekki lengur þeim skilyrðum upprunalegs mats Raforkueftirlitsins, skal það annað hvort leggja til breytingu á skilyrðum til viðurkenningar eða fella viðurkenndu markaðsframkvæmdina úr gildi, að teknu tilliti til viðmiða sem um getur í 20. gr. f raforkulaga.

Ákveði Raforkueftirlitið að fella úr gildi viðurkennda markaðsframkvæmd skal það birta ákvörðun sína opinberlega á vefsetri sínu og tilgreina niðurfellingardaginn.

VIÐAUKI II

Lágmarksupplýsingar sem skulu koma fram í gagnaskilum um samninga og viðskiptafyrirmæli vegna heildsöluorkuafurða

Í viðauka þessum eru tilgreindar lágmarksupplýsingar sem skulu koma fram í gagnaskilum samkvæmt 11. gr. reglugerðarinnar, eftir því sem við á.

Tafla 1. Lágmarksupplýsingar vegna staðlaðra samninga um afhendingu raforku

Reitur nr.	Auðkenni reitar	Lýsing
Aðilar að samningnum		
1	ID markaðsaðila	Reiturinn auðkennir með einkennandi kóða markaðsaðila sem leggur inn eða lýkur viðskiptum, eða viðskiptavettvang raforku ef um kerfisbundnar pantanir er um að ræða.
2	Tegund kóða í reit nr. 1	Legal Entity Identifier (LEI), Bank Identifier Code (BIC), Energy Identification Code (EIC), Global Location Number (GLN/GS1).
3	ID af miðlara og/eða markaðsaðila eða mótaðila eins og hann er auðkenndur hjá viðskiptavettvangi raforku	Notendanafn eða viðskiptareikningur miðlara og/eða markaðsaðila eða mótaðilans eins og hann er tilgreindur í tæknilegu kerfi viðskiptavettvangs raforku
4	ID af markaðsaðila eða mótaðila	Einkennandi auðkenni fyrir mótaðila
5	Tegund kóða í reit nr. 4	Legal Entity Identifier (LEI), Bank Identifier Code (BIC), Energy Identification Code (EIC), Global Location Number (GLN/GS1).
6	ID af þeim sem skilar gögnum	ID markaðsaðila eða ID viðskiptavettvangs raforku
7	Tegund kóða í reit nr. 6	Legal Entity Identifier (LEI), Bank Identifier Code (BIC), Energy Identification Code (EIC), Global Location Number (GLN/GS1).
8	ID rétthafi	Ef rétthafi samningsins er miðlægur mótaðili skal þessi reitur vera auður. Ef haghafi samningsins er ekki mótaðili samkvæmt þessum samningi þá skal samningurinn vera samkvæmt auðkenni haghafans

Reitur nr.	Auðkenni reitar	Lýsing
9	Tegund kóða í reit nr. 8	Legal Entity Identifier (LEI), Bank Identifier Code (BIC), Energy Identification Code (EIC), Global Location Number (GLN/GS1).
10	Viðskiptamagn markaðsaðila eða mótaðila í reit nr. 1	Gefur til kynna hvort að mótaðili hafi gert samninginn sem markaðsaðili fyrir eigin reikning eða fyrir hönd þriðja aðila eða sem miðlari eða umboðsmaður fyrir hönd reikning viðskiptavinar.
11	Kaup/sala	Gefur til kynna hvort að samningurinn var um kaup eða sölu fyrir markaðsaðilann eða mótaðilann skv. reit nr. 1
12	Upphafismaður	Þegar viðskipti eru framkvæmd á rafrænu viðmóti eða raddstýrðum miðlara, skal sá sem lagði upphaflega inn viðskiptafyrirmælin á markaðsaðilanum
Tegund viðskiptafyrirmæla		
13	ID viðskiptafyrirmæla	Viðskiptafyrirmæli skulu auðkennd með einkennandi auðkenniskóða sem viðskiptavettvangar eða mótaðili í viðskiptum afhendir.
14	Tegund viðskiptafyrirmæla	Tegund viðskiptafyrirmæla eins og hún er skilgreind með þeirri virkni sem viðskiptavettvangur raforku býður upp á
15	Skilyrði viðskiptafyrirmæla	Ákveðin skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að viðskiptafyrirmæli séu pöruð
16	Staða viðskiptafyrirmæla	Staða viðskiptafyrirmæla, t.d. hvort fyrirmælin eru virk eða óvirk
17	Lágmark til pörunar viðskipta	Lágmarksmagn sem þarf til að pörun viðskipta eigi sér stað
18	Verðþak	Skilgreint verðþak sem virkjar eða kemur í veg fyrir tap
19	Óopinbert magn viðskiptafyrirmæla	Magn viðskiptafyrirmæla sem er óopinbert
20	Tímalengd viðskiptafyrirmæla	Tímabil viðskiptafyrirmæla er sá tími þegar viðskiptafyrirmælin eru til staðar í kerfinu og þar til að þau eru fjarlægð/ógild nema viðskiptafyrirmælin séu pöruð
Upplýsingar um samning		
21	ID samnings	Samningurinn ætti að vera auðkenndur með því að nota skilgreinandi kóða/staðal frá viðskiptavettvanginum/mótaðilum
22	Nafn samnings	Nafn samningsins eins og hann er auðkenndur af viðskiptavettvangi

Reitur nr.	Auðkenni reitar	Lýsing
23	Tegund samnings	Tegund samnings
24	Tegund undirliggjandi orku	Tegund orkuvöru
25	Verðvísitala eða viðmiðunarverð	Verðvísitala sem ákvarðar verð samnings eða viðmiðunarverð afleiðna
26	Uppgjör	Hvort samningurinn er gerður upp með efnislegri afhendingu, fjármagni, valrétti eða öðru.
27	Viðskiptavettvangur ID/OTC	Ef markaðsaðili notar viðskiptavettvang raforku til að framkvæma samninginn skal sá tiltekni viðskiptavettvangur auðkenndur með sínu auðkenni.
28	Viðskiptastundir samnings	Viðskiptaklukkustundir samningsins
29	Síðasti dagur viðskipta, tími og dagur	Síðasti viðskiptadagur og -tími fyrir tilkynnta samninginn
Upplýsingar um viðskiptaframkvæmd		
30	Tímastimpill viðskiptapörunar	Dagsetning og tími samningsgerðar eða þegar viðskiptafyrirmæli voru lögð fram, breytt, felld niður eða afturkölluð.
31	Unique transaction ID	Einkennandi auðkenni fyrir viðskipti sem úthlutað er af viðskiptavettvang raforku þar sem viðskipti eru pöruð saman, eða af tveimur markaðsaðilum í tvíhliða samningi.
32	Linked transaction ID	Viðskiptafyrirmæli sem eru tengd verður að auðkenna þann samning sem að tengist framlagningu viðskiptafyrirmælanna
33	Linked order ID	Þegar viðskiptafyrirmæli eru tengd, verður að auðkenna viðskiptafyrirmælin sem tengjast pöruninni
34	Símaviðskipti	Auðkenni sem gefur til kynna hvort að viðskiptafyrirmælin voru lögð fram með raddmiðlun "X" ef svo er, autt ef svo var ekki.
35	Verð	Verð á hverja einingu
36	Vísitala	Visitölugildi
37	Gjaldmiðill	Gjaldmiðill þess sem notast er við
38	Notional amount	Virði samnings
39	Nafnfjárhæð	Hvaða aðferð notast er við til að gefa upp verð

Reitur nr.	Auðkenni reitar	Lýsing
40	Magn/fjöldi	Heildarfjöldi eininga sem eru innifaldar í samningnum eða viðskiptafyrmælunum
41	Total notional contract quantity	Heildarfjöldi eininga af heildsöluorkuafurðinni
42	Magneiningar í reit nr. 40 og 41	Magn eininga í reit nr. 40 og nr. 41
43	Lokadagsetning	Lokadagur tilkynnts samnings. Ef hann er ekki frábrugðinn lokadegi afhendingar skal skilja þennan reit eftir auðan.
Upplýsingar um valrétti		
44	Stíll valréttar	Gefur til kynna hvort aðeins megi nýta valréttinn á ákveðnum degi (í evrópskum og asískum stíl), röð fyrirfram ákveðinna dagsetninga (í Bermúda stíl) eða hvenær sem er á samningstímanum (í bandarískum stíl)
45	Tegund valréttar	Gefur til kynna hvort um kauprétt, sölurétt eða annað sé að ræða
46	Virkjunardagur valréttar	Dagsetning eða dagsetningar þegar valrétturinn er nýttur. Ef fleiri en einn er heimilt að nota fleiri reiti.
47	Lausnarverð valréttar	Lausnarverð valréttarins.
Afhending		
48	Afhendingarstaður	EIC kóði fyrir afhendingarstað (-staði) eða markaðssvæði (-svæði)
49	Upphafsdagur afhendingar	Upphafsdagur afhendingar
50	Lokadagur afhendingar	Lokadagur afhendingar
51	Tímabil afhendingar	Lengd afhendingartímabilsins
52	Load type	Auðkenning á afhendingarferli (grunnorka, forgangsorka, skerðanleg orka, tímablokk eða annað)
53	Dagar vikunnar	Vikudagar afhendingar
54	Load delivery Intervals	Tímabil fyrir hverja blokk eða lögun
55	Delivery capacity	Fjöldi eininga sem fylgja viðskiptunum, á hverju afhendingartímabili.

Reitur nr.	Auðkenni reitar	Lýsing
56	Fjöldi eininga notað í reit nr. 55	Mælingaeining sem notuð er
57	Price/time interval quantity	Ef við á, verð og magn á afhendingartímabili
Upplýsingar um lífsferil viðskiptafyrirmæla		
58	Action type	Þegar skýrslan inniheldur: —samning eða viðskiptapöntun í fyrsta skipti verður hún auðkennd sem „nýtt“; —breyting á upplýsingum úr fyrri skýrslu verður hún auðkennd sem „breyta“; —ógilt er að ranglega skilað inn skýrslu verði hún auðkennd sem „villa“; —uppsögn á núverandi samningi eða viðskiptapöntun verður hún auðkennd sem „hætta við“;

Tafla 2. Lágmarksupplýsingar vegna óstaðlaðra samninga um afhendingu raforku

Reitur nr.	Auðkenni reitar	Lýsing
Aðilar að samningnum		
1	ID markaðsaðila	Markaðsaðili eða mótaðilinn sem viðskiptin eru tilkynnt fyrir skal auðkenna með einkennandi kóða
2	Tegund kóða í reit nr. 1	Legal Entity Identifier (LEI), Bank Identifier Code (BIC), Energy Identification Code (EIC), Global Location Number (GLN/GS1).
3	ID af öðrum hvorum markaðsaðilanum eða mótaðila í viðskiptum	Auðkenni markaðsaðila eða mótaðila
4	Tegund kóða í reit nr. 3	Legal Entity Identifier (LEI), Bank Identifier Code (BIC), Energy Identification Code (EIC), Global Location Number (GLN/GS1).
5	Tilkynningaraðili	ID af þeim sem að tilkynnir viðskipti
6	Tegund kóða í reit nr. 5	ID markaðsaðila eða ID viðskiptavettvangs raforku
7	ID Rétthafa	Ef rétthafi af samningnum er mótaðili skal skila þessu auðu. Annars ef það er rétthafi sem er ekki mótaðili þá ber að skilgreina hann
8	Tegund kóða í reit nr. 7	Legal Entity Identifier (LEI), Bank Identifier Code (BIC), Energy Identification Code (EIC), Global Location Number (GLN/GS1).
9	Viðskiptageta markaðsaðila eða mótaðila í reit nr. 1	Gefur til kynna hvort að tilkynningaraðili hefur gert samninginn í eigin nafni eða fyrir reikning þriðja aðila, eða sem umboðsmaður eða milligönguaðili í raforkuviðskiptum
10	Kaup/sala	Gefur til kynna hvort samningurinn var kaup eða sala fyrir markaðsaðilann eða mótaðilann sem tilgreindur er í reit 1
Contract details		
11	ID samnings	Auðkenni fyrir samninginn eins og það er skilgreint af markaðsaðilum
12	Dagsetningar samnings	Dagsetning samningsgerðarinnar, breytinga, uppsagnar eða slit
13	Tegund samnings	Tegund samnings
14	Undirliggjandi orka	Tegund undirliggjandi orkuvöru í samningnum

Reitur nr.	Auðkenni reitar	Lýsing
15	Verð eða verðformúla	Verðvísitala eða verðformúla sem er notuð í samningnum
16	Áætluð upphæð	Áætluð fjárhæð samningsins (ef hægt er)
17	Gjaldmiðill samnings	Gjaldmiðill fjárhæð samningsins
18	Heildarmagn í samningnum	Heildarmagn eininga af heildsöluorkuafurðum í samningnum. Þetta er uppreiknuð stærð
19	Valfrjálst magn samnings (ekki kaupskylda)	Fjöldi eininga sem samningurinn inniheldur, á afhendingartímabili, ef tiltækt.
20	Notional quantity unit	Eining sem notast er við í reit nr. 18 og 19
21	Volume optionality	The volume classification.
22	Volume optionality frequency	The frequency of the volume optionality: e.g. daily, weekly, monthly, seasonal, annual or other, if available.
23	Volume optionality intervals	Time interval for each volume optionality if available.
Fixed index details		
24	Type of index price	Price classified as fixed, simple index (single underlying) or complex price formula (multiple underlying).
25	Fixing index	List of indices determining the price in the contract. For each Index specify the name. In case of a basket of indices for which no unique identifier exist the basket or the index shall be indicated.
26	Fixing index types	Spot, forward, swap, spread, etc.
27	Fixing index sources	For each index specify the publication source. In case of basket of indices for which no unique identifier exist the basket or the index shall be indicated.
28	First fixing date	First fixing date determined by the earliest date of all the fixings.
29	Last fixing date	Last fixing date determined by the latest date of all the fixings.
30	Fixing frequency	The frequency the fixing: e.g. daily, weekly, monthly, seasonal, annual or other.
31	Tegund uppgjörs	Whether the contract is settled physically, in cash, both, optional or other.

Reitur nr.	Auðkenni reitar	Lýsing
Valréttur		
32	Option style	Indicates whether the option may be exercised at a fixed date (European and Asian style), a series of pre-defined dates (Bermudan) or at any time during the life of the contract (American).
33	Option type	Indicates whether the option is a call, put or other.
34	Option first exercise date	First exercise date determined by the earliest date of all the exercises.
35	Option last exercise date	Last exercise date determined by the latest date of all the exercises.
36	Option exercise frequency	The frequency of the Volume optionality: e.g. daily, weekly, monthly, seasonal, annual or other.
37	Option strike index	For each Index specify the name. In case of a basket of indices for which no unique identifier exist the basket or the index shall be indicated.
38	Option strike index type	Spot, forward, swap, spread, etc.
39	Option strike index source	For each index specify the fixing type. In case of a basket of indices for which no unique identifier exist the basket or the index shall be indicated.
40	Option strike price	The strike price of the option.
Delivery profile		
41	Delivery point or zone	EIC code(s) for the delivery point(s) or market area(s).
42	Delivery start date	Start date and time of delivery. For physically delivered contracts this would be the delivery start date of the contract.
43	Delivery end date	End date and time of delivery. For physically delivered contracts this would be the end delivery date of the contract.
44	Load type	Identification of the delivery profile (base load, peak load, off-peak, block of hours or other).
Life cycle information		
45	Action type	When the report contains: — a contract reported for the first time, it will be identified as 'new'; — a modification of details of a previously reported contract, it will be identified as 'modify'; — a cancellation of a wrongly submitted report, it will be identified as 'error'; — a termination of an existing contract, it will be identified as 'cancel'.

Tafla 3. Lágmarksupplýsingar vegna staðlaðra og óstaðlaðra samninga um flutning raforku

Upplýsingar samkvæmt töflu þessari skulu koma fram í gagnaskilum vegna samninga um flutning raforku eða flutningsgetu, eftir því sem þær koma fram í viðkomandi samningi eða fyrirbyggjandi gögnum og að því marki sem þær eiga við um eðli samningsins, afurðarinnar eða úthlutunar flutningsgetu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram, eftir því sem við á:

1. Auðkenni samnings eða afurðar, ef við á.
2. Tegund samnings eða afurðar.
3. Samningsaðilar og, eftir því sem við á, mótaðilar.
4. Tímabil samnings eða gildistími.
5. Magn, afkastageta eða flutningsgeta sem samningur tekur til, ef við á.
6. Verð, gjald eða önnur fjárhagsleg skilyrði, ef við á.
7. Afhendingarstaður, tengipunktur, snið eða önnur staðsetning í flutningskerfi sem samningur tekur til, ef við á.
8. Skilyrði um úthlutun, nýtingu, takmarkanir eða skerðingu flutningsgetu, ef við á.
9. Upplýsingar um breytingu, framsal, uppsögn eða lok samnings, ef við á.
10. Aðrar upplýsingar í samningi eða fyrirbyggjandi gögnum sem kunna að hafa þýðingu fyrir mat á verðmyndun, gagnsæi eða heilleika heildsöluorkumarkaðar.